

Föstudaginn 18. desember 1964.

Nr. 178/1964. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn

Bjarna Pálmarssyni (Örn Clausen hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómaramir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds og
 Jónatan Hallvarðsson, Hákon Guðmundsson yfirborgardómari og
 Theodór B. Lindal prófessor.

Atvinnuréttindi leigubifreiðarstjóra.

Dómur Hæstaréttar.

Almenni löggjafinn hefur metið ráðstafanir þær um takmarkanir á leigubifreiðum, sem í máli þessu greinir, til almenningsheilla, og verður eigi haggð við því mati.

Með þessari athugasemd og skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að frestur til greiðslu sektar er ákveðinn 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, er renni til ríkissjóðs, kr. 5.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óbreyttur að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Bjarni Pálmarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. maí 1964.

Ár 1964, fimmtudaginn 28. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 3483/1964: Ákærvaldið gegn Bjarna Pálmarssyni, sem tekið var til dóms 11. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 1. október 1962, höfðað gegn ákærða, Bjarna Pálmarssyni bifreiðarstjóra, Nóatúni 28, Reykjavík, fyrir að hafa árin 1960 og 1961 ekið leigubifreið fyrir færri en 8 farþega til mannflutninga í Reykjavík án þess að hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Reykjavík og án þess að hafa öðlazzt atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri í Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa nr. 202/1959, sbr. 3. gr. laga nr. 40/1957, sbr. lög nr. 29/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 11. febrúar 1930 í Reykjavík. Sakavottorð hans hljóðar svo:

- 1949 4/11 í Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 219. gr. hegningarlaga, bifreiðalögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
- 1950 12/5 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 20. og 27. gr. bifreiðalaga.
- 1951 21/11 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 5. mgr. 26. gr. bifreiðalaga.
- 1952 11/3 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 3. mgr. 31. gr. lögreglusamþykktar.
- 28/3 í Reykjavík: Áminning fyrir afturljósleysi bifreiðar.
- 14/8 í Reykjavík: Dómur: 50 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.
- 1953 14/4 í Hafnarfirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
- 1954 16/7 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir áfengissölu.
- 12/8 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun og óspektir.
- 25/8 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 26. og 27. gr. bifreiðalaga og 2. gr. umferðarlaga.
- 1956 10/1 í Reykjavík: Dómur: Sýknaður af ákæru fyrir brot á 23. og 38. gr. bifreiðalaga sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951.
- 1958 19/3 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

1959 7/8 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.

— 26/11 í Reykjavík: Áminning fyrir útgáfu tékka án innstæðu.

1960 28/7 á Siglufirði: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1961 23/3 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Málsatvik eru þessi:

Með bréfi, dagsettu 28. febrúar 1962, kærðu úthlutunarmenn atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra í Reykjavík ákærða til refsingar fyrir að hafa stundað leigubifreiðaaakstur án þess að hafa atvinnuleyfi eða afgreiðslu á bifreiðastöð.

Ákærði hefur fyrir dómi skýlaust játað að hafa á árunum 1960 og 1961 ekið leigubifreiðum, yfirleitt eigin bifreiðum fyrir færri en 8 farþega, til mannflutninga hér í Reykjavík, án þess að hafa afgreiðsluleyfi hjá bifreiðastöð og án þess að hafa öðlazzt atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri í Reykjavík. Kveðst ákærði að jafnaði hafa fengið farþega við samkomuhús, skipafélög, flugfélög og þess háttar, auk þess sem hann hefði tekið farþega „á götunni“. Sagðist ákærði á nefndum tíma bæði hafa ekið með og án gjaldmælis, þannig að væri gjaldmælir óvirkur, seldi hann aksturinn samkvæmt mínútnagjaldskrá bifreiðastjórafélagsins Frama. Samhliða leiguakstri starfaði ákærði við hljóðfæraviðgerðir, og taldi hann tekjur sínar hafa verið nokkuð jafnar af hvorri starfsgrein.

Af hálfu ákærða hefur því verið haldið fram honum til sýknu, að refsíákvæði þau, sem hann er ákærður fyrir að hafa brotið, brytu í bága við 69. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, enda „almenningsþörf“ ekki krafizt takmörkunar á fjölda leigubifreiða, þá er slík takmörkun var fyrst í lög leidd með lögum nr. 25/1955. Í frumvarpi til þeirra laga segir í greinargerð, að flutningsmenn, samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis, flytji frumvarpið samkvæmt ósk stjórnar bifreiðastjórufélagsins Hreyfils, enda nefndin í aðalatriðum fallizt á röksemdir málsins, er fram komi í bréfi formanns bifreiðastjórufélagsins, sem prentað er sem fylgiskjal með frumvarpinu. Í bréfi þessu segir m. a.: „Nú hin síðari ár hefur verið mjög mikið aðstreymi manna í stétt vora þrátt fyrir mjög minnkandi atvinnu í þeirri starfsgrein, þótt fólksekla sé í flestum öðrum atvinnugreinum til lands og sjávar, og hafa menn sótt eftir að komast í þessa atvinnugrein af ímynduðum hagnaði, en slíkt hefur orðið mörgum mönnum til fjárhagslegrar þrengingar, þar sem í hverju tilfelli þarf að kaupa atvinnutæki fyrir tugi þúsunda króna. En

reynslan hefur hins vegar sýnt, að atvinnan hefur ekki verið nægileg til þess að geta risið undir þeim geigvænlega kostnaði, sem samfara er rekstri leigubifreiða. — Lítum vér svo á af biturri reynslu, að ekki verði lengur hjá því komizt, að sett verði löggjöf um fyrirkomulag og rekstur leigubifreiða til mannflutninga, sem taka allt að 8 farþega, enda er nú svo komið, að í flestum menningarlöndum hefur verið sett löggjöf um rekstur leigubifreiða til mannflutninga af þessari stærð, sem hér um ræðir. — Í þessu sambandi má einnig benda á það, að með því að binda við þessi störf fleiri menn en nauðsyn krefur, á sama tíma og framleiðsluáttvinnuvegina skortir fólk, fer geysilega mikið vinnuafli til ónýtis, og verður það þjóðinni í heild til ómetanlegs tjóns. — Með óeðlilegum fjölda manna í þessari starfsstétt er einnig rýrður möguleiki þeirra, sem þar starfa, til þess að hafa mannsæmendi lífsframfæri af atvinnu sinni, en af því hefur hins vegar leitt alls konar spillingu, sem er stórmeiðandi fyrir stéttina í heild og borgara landsins almennt. Hjá þessu væri hægt að komast með því að setja löggjöf um rekstur leigubifreiða.“ — Í umræðum um frumvarpið á Alþingi komu fram ýmis frekari rök til stuðnings því sem og ýmis rök, sem hnigu í gagnstæða átt. Er ekki unnt í máli þessu að rekja umræðurnar frekar, en ekki verða taldar nægar ástæður til að líta svo á, að rök takmörkunar á leigubifreiðum hafi verið slík, að lagaákvæði þess efnis verði talin brjóta í bága við 69. gr. stjórnarskrárinnar. Verður sýknuástæða þessi því ekki tekin til greina.

Í annan stað hefur því verið fram haldið af hendi ákærða, að sýkna beri hann, „þar sem hann hafi átt skýlausan rétt vegna starfsferils síns sem bifreiðarstjóri til að nota atvinnuleyfi (eða réttara sagt halda því), er lögin tóku gildi skv. hljóðan laganna sjálfra.“ Í 1. gr. laga nr. 25/1955 segir, að óheimilt sé að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaaakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi, þegar lögin taka gildi, en lögin öðluðust gildi í maímánuði árið 1955, og hefur ákærði ekki í málinu rennt stoðum undir að hafa á þeim tíma fullnægt nefndum skilyrðum laganna.

Loks hefur ákærði staðhæft, að úthlutunarmenn atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra í Reykjavík hafi ranglega synjað sér um atvinnuleyfi, þrátt fyrir ítrekaðar umsóknir og langan starfstíma, og í þeim efnum ekki gætt „laga- og reglugerðarákvæða“, sem um störf þeirra hafa gilt. Kvaðst ákærði hafa átt tal við viðkomandi ráðherra og ráðuneytisstjóra, en þeir ekki viljað skipta

sér af gerðum úthlutunarmanna. Í 6. gr. reglugerðar nr. 202/1959 um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa segir svo m. a. um störf úthlutunarmanna, sem eru tveir, tilnefndir til þriggja ára í senn, annar af stjórn bifreiðastjórufélagsins Frami, en hinn af ráðherra: „Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðarstjóra við akstur leigubifreiða til mannflutninga lagður til grundvallar þannig, að sá, sem hefur lengstan starfsaldur sem bifreiðarstjóri við mannflutninga, hvar sem er á landinu, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda verði hann, ef hann fær atvinnuleyfi, búsettur í Reykjavík, Kópavogskaupstað eða Seltjarnarneshreppi“. Er af ákvæðinu ljóst, að um úthlutunina gildir að nokkru allfrjálst mat. Í bréfi til dómsins, dagsettu 26. ágúst 1963, sem er svar við bréfi, dags. 14. janúar s. á., hafa úthlutunarmenn atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra í Reykjavík tilgreint aðallega tvær ástæður til þess, að ákærði hafi eigi hlotið atvinnuleyfi: „Hann hefur eigi, að dómi úthlutunarmanna, haft nægilega mikið til brunns að bera, miðað við aðra umsækjendur, og í öðru lagi hefur hann, svo sem hann hefur sjálfur viðurkennt, stundað ólöglegan atvinnuakstur. Hafa úthlutunarmenn báðir saman og hver í sínu lagi bent honum á, að þess sé engin von, að hann geti öðlazzt atvinnuleyfi, nema með því að láta af því framferði, en hann hefur ekki látið sér segjast“. Ekki eru fram komin í máli þessu viðhlítandi rök til að líta svo á, að synjanir úthlutunarmanna á atvinnuleyfum til ákærða hafi augljóslega verið óréttmætar, og verður sýknuástæða þessi því ekki tekin til greina.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem lýst er í ákæruskjali og þar rétt færð til refsíákvæða. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1958 þykir refsing hans eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin 1.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hesta-
réttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Miklar tafir hafa orðið á rekstri máls þessa, m. a. vegna þess hversu lengi það var til umsagnar hjá úthlutunarmönnum atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra í Reykjavík, sem og vegna skipta á skipuðum verjendum, og er nánari grein gerð fyrir þeim drætti í gögnum málsins.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Pálmarsson, greiði 1.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, krónur 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 18. desember 1964.

Nr. 202/1964. **Guðlaugur Einarsson**
f. h. Fasteignaviðskipta h/f
 gegn

Yfirborgarfógetanum í Reykjavík, Jóni
Magnússyni héraðsdómslögmanni og
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir **Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson** og prófessor **Theodór B. Lindal**.

Kærumál. Réttarneitun.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar með kæru 9. desember 1964, sem hingað barst 15. s. m., og krafizt þess, að yfirborgarfógetanum í Reykjavík verði dæmt skylt að taka til úrskurðar kröfu hans um framhaldsfrest í málinu, sem gerð var á uppboðsþingi 3. þ. m.

Yfirborgarfógetinn í Reykjavík, Kristján Kristjánsson, hefur hinn 15. þ. m. sent Hæstarétti greinargerð um málið svohljóðandi:

„Ég lít svo á, að kæra þessi beri ekki undir Hæstarétt, svo sem hún er úr garði gerð af hálfu umboðsmanns uppboðspola, og beri því að vísa henni frá. Hins vegar vil ég